



ORKUSTOFNUN

Gilsfjörður. Point-load próf á bergkjörnum

**Pórólfur H. Hafstað,
Birgir Jónsson**

Greinargerð þHH-BJ-96-01



Gilsfjörður

Point-load próf á bergkjörnum

Að beiðni Haraldar Haraldssonar á Rannsóknarstofnun byggingariðnaðins var gert Point-load próf á bergkjörnum, sem teknir höfðu verið í grjótmámu, merkt D, vegna þverunar Gilstfjardar. Verkið er hluti Rb.-rannsóknar nr. H96/467 fyrir Vegagerðina.

Um er að ræða fjóra stutta kjarnabúta, 12 - 21 cm langa og sem næst 45mm í þvermál. Þeir eru númeraðir 1 - 4 og allir eru þeir heldur ósléttir á ytra bordi, markaðir fórum eftir borkrónuna. Þeir eru úr þéttu þóeist-basalti með stöku plagioklasílum, allstórum; Ø 2-10mm. Heildarþéttleiki dílanna er líkast til ≤ 1%. Bergið er með fáum blöðrum og smáum; blöðrur ≤ 1% og stærð þeirra um Ø 1mm. Straumflögun er hverfandi og hefur væntanlega ekki áhrif á brotstyrk. Ógreini-legar, grónar smásprungur sjást í sumum sýnanna, oft sem næst langs eftir kjarnabútnum.

Kjarni nr. 1 er 17 cm langur (15 cm að frá-dregnun brotum upp í enda). Báðir endar ný-brotnar (mekaniskt en ekki eftir grónum sprungum). Hugsanlega er vel gróin lóðsprunga eftir miðjum kjarna. Á miðjum bútnum er áberandi far eftir borkrónu eins og henni hafi verið lyft.

Búturinn var fjórbrotinn í point-load tæki, eins og sýnt er á meðfylgjandi úrvinnslublaði. Hæsta og lægsta gildi er sleppt að vanda og fæst þá:

Brotstuðull (Strength index): $I_{50} = 9,2$ MPa. **Ætlaður einásabrotstyrkur (Apparent uniaxial compressive strength):** $\sigma_c = 202$ MPa.

Kjarni nr. 2 er 21 cm langur (15 cm að frá-dregnun brotum upp í endana). Annar endi er brotinn í burst við tvær sprungur, beinar og hrufóttar (planar, rough). Hinn er þver-brotinn að hluta, en 4 cm brot er upp í kjarnann með annars gróinni beinni og sléttir (planar, smooth) lóðsprungu. Kjarnabúturinn er markaður krónufórum; misdjúpum þó.

Þessi bútur varð einnig brotinn fjórum sinnum:

Brotstuðull: $I_{50} = 9,5$ MPa. **Ætlaður einásabrotstyrkur:** $\sigma_c = 208$ MPa.

Kjarni nr. 3 er 14 cm langur (12 cm að frá-dregnun brotum upp í enda). Endabrot eru við grónar, beinar sprungur, sem eru ýmist sléttar eða örlið hrufóttar í sárið. Ónnur þvert en hin u.h.b. 30° frá láréttu. Sprungufylling er dökk (chlorophaeite?) og næfurþunn. Gróin lóðsprunga veikir sýnið. Þrjú krónuför (ca. 2 mm djúp) við annan endann. Búturinn brotnaði heldur ólánlega þannig að adeins náðust þrjár mælingar:

Brotstuðull: $I_{50} = 9,1$ MPa. **Ætlaður einásabrotstyrkur:** $\sigma_c = 200$ MPa.

Kjarni nr. 4 er 12 cm langur (8 cm að frá-dregnun brotum upp í endana). Annar endi er við hallandi (ca. 20°) beina og hrufóttu sprungu með lítilsháttar fyllingu. Hinn endinn er nýbrotinn. Nær þeim enda er sennilega 3 mm djúpt krónufar.

Þessi bútur varð brotinn fjórum sinnum. Úr honum kvarnaðist stór flís í fyrstu mælingu, þannig að vera má að mæling sé í neðri kantinum þó að ekki skeri hún sig úr:

Brotstuðull: $I_{50} = 9,2$ MPa. **Ætlaður einásabrotstyrkur:** $\sigma_c = 202$ MPa.

Yfirleitt er óvarlegt að treysta niðurstöðum þessarra mælinga nema kjarnasýnið sé u.h.b. 40 cm langt, hví þá næst allt að 10 brot. Hérra næst mest fjögur. En ef gert er ráð fyrir að öll sýnin séu úr sömu bergeiningu ætti brotprófið að gefa sæmilega vísbendingu um hvers er að vænta af bergeninu. Sé litid þannig á málid fást fimmtán brot og niðurstöðan hví sæmilega grunduð og raunar í ágætu samræmi við prófun einstaka kjarnabúta:

Brotstuðull: $I_{50} = 9,1$ MPa. **Ætlaður einásabrotstyrkur:** $\sigma_c = 201$ MPa.

POINT LOAD PRÓF

Staður GILSFJÖRDUR

Dagsetning 24. sept. '95

NÁMA D

Gert af

FHH

númer 1 - 4

Berggerð. Þóreiðt basalt.

Kjarni númer	Sýni: brot:	Mælin: leitbrétt	Tegund þrófs	Pvermáli kjarna	Brot- ðlag	Brot- stuðull	Brot- stuðull	Einásabrotstyrk. σ_c (MPa)	Athugasemdir
1	1	÷ 1,5	Þ	45	17,4				Gott brot
—	2	—	—	—	16,0	15,0			langsum
—	3	—	—	—	11,4				Kværnast úr
—	4	—	—	—	14,2	9,7	9,2	202	- helðlur stutt
2	1	÷ 1,5	Þ	45	17,1				övert & kværnast
—	2	—	—	—	15,2	15,5 14,5			langsum
—	3	—	—	—	15,9	15,5 14,5			övert
—	4	—	—	—	18,0	10,0	9,5	208	- helðlur stutt
3	1	÷ 1,5	Þ	45	16,4				þv. 8 x lössrunar
—	2	—	—	—	10,5	15,5 13,5			út úr skásdrunum
—	3	—	—	—	15,0	9,6	9,1	200	övert
4	1	÷ 1,5	Þ	45	17,8				kværnast úr
—	2	—	—	—	15,3	15,5 13,5			þv. skart smi
—	3	—	—	—	14,3	15,5 13,5			kværnast úr
—	4	—	—	—	15,0	9,7	9,2	202	helðlur stutt
Miðgildi:					$15 - 1,5 = 13,5$	9,6	9,1	201	

Skýringar: P; þverþróf, A; Áspróf, O; óregluleg bergbrot.

Is; Strength index = P/D^2 ($f \cdot 45\text{mm} : P \times 0,71$)

Is(50); Leiðréttur brotstuðull fyrir 50mm kjarna ($\times 0,95$)

σ_c ; Einásabrotstyrkur = $22 \times Is(50)$